

BJÖRT ÓLAFSDÓTTIR: NÝKJÖRINN FORMAÐUR GEÐHJÁLPAR

Mannsæmandi líf fyrir alla

Björt Ólafsdóttir, stjórnunarráðgjafi hjá Capacent, hefur verið kjörin formaður Geðhjálpar. Hún tekur við af Sigursteini Mássyni, sem gengur úr stjórn eftir tólf ára aðkomu að starfsemi félagsins. Krefjandi og skemmtilegt; þannig sér hinn nýi formaður starfið fyrir sér og kveðst tilbúin að taka til hendinni í geðheilbrigðismálum á Íslandi.

„Því miður eru enn fyrir hendi fordómar hérlendis gagnvart fólki með geðræn vandamál þótt þeir séu á undanhaldi. Þetta er ákveðið feimnis-mál og stundum veit fólk ekki alveg hvernig það á að haga sér þegar það ber á góma,“ segir Björt, sem telur að með fræðslu og opinni umræðu megi taka á þessum vandamálum og draga úr hleypidómum í garð geðsjúkra í samfélaginu.

En af hverju bauð hún sig fram? „Ég starfaði um tíma á geðdeild Landspítalans og í gegnum skjólstæðinga mína þar kynntist ég þeirri vinnu sem Geðhjálpar hefur innt af hendi. Mér varð strax ljóst hversu mikilvægu og góðu starfi félagið sinnir og langaði til að bjóða fram mína sýn og krafta. Því ákvað ég að grípa tækifærið þegar það gafst.“

Áhuginn á geðheilbrigðismálum á sér þó lengri sögu, upplýsir Björt. „Ég ólst upp á meðferðarheimili fyrir unglinga sem foreldrar mínir ráku á Torfastöðum í Biskupstungum. Þar átti ég fjölda fóstursystkina sem glímdu sum við vandamál, misalvarleg, og sá hvernig greiða mátti úr mörgum með markvissri meðferðarvinnu. Þarna öðlaðist ég þá trú að allir geti átt mannsæmandi líf þótt vissulega geti skipst á skin og skúrir. Það var mjög þroskandi fyrir barn og seinna ungmenni að alast upp við þessar aðstæður. Þetta starf stendur mér því vissulega nærri,“ segir hún og brosir.

Geðhjálpar segir hún hafa sams konar markmið að leiðarljósi; að vera hagsmunasamtök fyrir fólk með geðræn vandamál, aðstandendur þeirra og annarra sem láta sig málið varða. „Sýn félagsins er réttlát og sterk og mitt starf verður að skerpa betur á henni og vekja athygli á þessum málaflokki. Enda eru það mannréttindi fólks með



ELDHUGI Björt Ólafsdóttir hlakkar til að taka til hendinni í geðheilbrigðismálum á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

geðræn vandamál að eiga gott líf og á ábyrgð alls samfélagsins að svo sé. Það er líka samfélagslega hagkvæmt að einstaklingar innan þess séu heilir heilsu. Sjálf vil ég koma heilmiklu í verk en

ekki er tímabært að ræða það að sinni; fyrst þarf ég að hitta stjórnina með formlegum hætti og móta með henni stefnu og starf félagsins á næstunni.“

roald@frettabladid.is